

Borgarráð

Brú yfir Fossvog

Í samráði við Kópavogsbæ og Vegagerðina er lagt til að starfshópur verði skipaður, sem sjái um gerð umhverfismats og deiliskipulag vegna brúar yfir Fossvog. Í starfshópnum verði tveir frá hverjum aðila verkefnisins, Reykjavík, Kópavogi og Vegagerðinni. Kostnaði við aðkeypta vinnu við verkefnið verði skipt jafnt á milli Kópavogs, Reykjavíkur og Vegagerðarinnar. Þátttaka Vegagerðarinnar í þeirri vinnu er ekki vilyrði fyrir kostnaðarþátttöku við framkvæmdir ef af verður.

Greinargerð:

Í greinargerð starfshóps á vegum Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um brú yfir Fossvog dags. febrúar 2013, er gerð grein fyrir legu og útfærslu brúarinnar, sem skuli fyrst og fremst þjóna vistvænum ferðamátum, gangandi og hjólandi umferð og mögulega strætisvögnum. Greinargerðin hefur fengið víðtæka umfjöllun.

Gerð brúar yfir Fossvog er skv. aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogs.

Úr greinargerð starfshópsins:

„Brú yfir Fossvog bætir stofnstígakerfið á höfuðborgarsvæðinu frá því sem nú er.“

„Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hafa hvort í sínu lagi skilgreint umhverfisáætlun og hjólreiðaáætlun, sem hafa það að markmiði að auka vistvænar samgöngur og stuðla að breyttum ferðavenjum íbúanna. Bygging hjóla- og göngubrúar yfir Fossvog samræmist þeim markmiðum vel.“

„Með brú yfir Fossvog gefst möguleiki á akstri strætisvagna yfir brúna og að tengja þannig Kársnesið við mið- og vesturbæ Reykjavíkur og Háskólann í Reykjavík.“

Næstu skref til undirbúnings verksins er að vinna deiliskipulag og umhverfismat og að gera þær rannsóknir sem umhverfismat krefst.

Dagur B. Eggertsson

